

**Sp.**

**175. Svar**

**[132. mál]**

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Skúla Alexanderssonar um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. a. Samkvæmt lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum, er hlutverk hennar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, og að endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtuféð. Er þetta hlutverk nánar skilgreint í lögumum.

Í lögumum er ákveðið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar. Einnig ber Jöfnunarsjóðnum að greiða rekstrarkostnað Innheimtustofnunarinnar.

Greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna meðlagsgreiðslna hennar til Tryggingastofnunar ríkisins hafa verið sem hér segir frá 1980:

1980	6 000 000 kr.
1981	7 700 000 kr.
1982	9 700 000 kr.
1983	18 200 000 kr.
1984	82 779 455 kr.
1985	142 795 668 kr.

Rétt er að útskýra þessar tölur nokkru nánar. Í lögumum um Innheimtustofnun sveitarfélaga frá 1971 voru ákvæðin um greiðslur Jöfnunarsjóðs þannig að Innheimtustofnunin átti að láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. júní ár hvert reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið reikningsár. Jöfnunarsjóðurinn átti síðan að gera fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar fyrir 1. október ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.

Með lögum nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, voru ákvæðin um endurgreiðslur Innheimtustofnunar til Tryggingastofnunar hert verulega. Skal Innheimtustofnunin nú skila Tryggingastofnuninni innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist. Það, sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum, skal Innheimtustofnunin greiða innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt. Greiðslur Jöfnunarsjóðs skulu inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnunin geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum.

Þessi lagabreyting leiddi af sér svo mikla hækkun á framlagi Jöfnunarsjóðsins til Innheimtustofnunarinnar 1984 að ekki þótti rétt að Jöfnunarsjóðurinn tæki þá skerðingu alla á sig á einu ári. Með tilvísun til heimildar í þessum sömu lögum tók því Jöfnunarsjóðurinn lán að upphæð 4 621 645 bandaríkjadóllarar, upphaflega 138 372 062 ísl. kr. Lán þetta átti að endurgreiða á næstu 5 árum með 6 jöfnum missirislegum afborgunum, þann 15. júní og 15. des. ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 1987. Vextir á einnig að greiða tvisvar á ári og voru greiddir í fyrsta sinn 15. júní á þessu ári.

Rekstrarkostnaður Innheimtustofnunar sveitarfélaga, sem Jöfnunarsjóðurinn hefur greitt, hefur verið sem hér segir frá 1980:

1980	396 842. — kr.
1981	484 720. — kr.
1982	834 814. — kr.
1983	1 460 579. — kr.
1984	2 721 091. — kr.

Upphæðin fyrir árið 1985 liggur að sjálfsögðu ekki fyrir.

1. b. Í 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, segir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli m. a. vera framlag úr ríkissjóði sem nemur 8% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs skv. lögum nr. 6/1974, um tollskrá o.fl.

Söluskattur er nú 20% (2,5% söluskattsauki, 1,5% orkujöfnunargjald og 1% húsnæðisgjald; samtals 25% frá 1. júlí 1985) og framlag ríkissjóðs á því að nema 8% af þeim tekjum sem 20% söluskattur gefur.

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt hvert framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðsins ætti að vera skv. 9. gr. laga nr. 73/1980 og hversu hátt framlagið raunverulega var (verður) á tímabilinu 1984–1985. Á árunum 1980–1983 var ekki um að ræða neina skerðingu vegna ákvarðana ríkisstjórnar og Alþingis.

	1984 <sup>1)</sup>	1985 <sup>2)</sup>
	þús.kr.	þús.kr.
<b>Jöfnunarsjóður sveitarfélaga,</b>		
<b>söluskattur</b>		
Lögbundið framlag .....	591 444	732 333
Raunverulegt (áætlað) framlag .....	495 000 <sup>3)</sup>	635 000
Skerðing .....	96 444	97 333
<b>Jöfnunarsjóður sveitarfélaga,</b>		
<b>aðflutningsgjöld</b>		
Lögbundið framlag .....	128 033	160 000
Raunverulegt (áætlað) framlag .....	100 000 <sup>3)</sup>	160 000
Skerðing .....	28 033	

1) Skv. ríkisreikningi 1984.

2) Skv. endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs 1985 frá 30. ágúst 1985.

3) Sbr. 7. gr. laga nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

1. c. Eins og kemur fram hér áður í a-lið tók Jöfnunarsjóðurinn lán 1984 vegna uppgjörss Innheimtustofnunar ríkisins við Tryggingastofnun ríkisins. Á árinu 1985 greiðir sjóðurinn vexti vegna þessa láns. Upphæðin, sem var greidd 15. júní, var 23 442 421 kr. Upphæðin, sem greidd verður 15. des. n.k. liggur ekki fyrir. Vaxtaákvæði skuldabréfsins eru þannig að vextirnir eru breytilegir og miðast við millibankavexti í London (eða þeim borgum þaðan sem hið erlenda fjármagn kemur) á hverjum tíma, þó þannig að vextir þessa láns verða 5/8% yfir þeim vöxtum. Þetta er fyrsta árið þar sem til slíkra greiðslna kemur:

2. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga árið 1986, með boðaðri lækkun söluskattstekna um 400 millj.kr., sbr. ræðu fjármálaráðherra á Alþingi 12. nóv. s.l., ætti lögbundinn hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti að vera 855 360 000 kr. en áætlað framlag er 730 000 000 kr. Skerðing miðað við þetta er 125 360 000 kr. Lögbundinn hluti Jöfnunarsjóðs í aðflutningsgjöldum er 155 000 000 kr. Þar er ekki gert ráð fyrir neinni skerðingu.

Á þessu stigi málsins er ekkert hægt að fullyrða um endanlega niðurstöðu þessa máls. Eftir er að endurskoða tekjuáætlun ríkissjóðs og fjárlög eru óafgreidd.

3. Ekki er hægt að gefa neitt fullnægjandi svar á þessu stigi málsins við því hverju framlög Jöfnunarsjóðs nema sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga árin 1984, 1985 og 1986. Úrvinnslu úr reikningum sveitarfélaganna fyrir árið 1984 er ekki lokið. Reikningar sveitarfélaganna 1985 liggja að sjálfsögðu ekki fyrir. Sveitarfélögin hafa enn ekki gengið frá fjárhagsáætlunum sínum fyrir árið 1986. Fyrir liggja upplýsingar um álagningu fasteignaskatta, aðstöðugjalda og útsvara hjá sveitarfélögunum árin 1984 og 1985. Ef miðað er við þessar tekjur ásamt greiðslum Jöfnunarsjóðs eru greiðslur sjóðsins 1984 um 12,8%. Samkvæmt áætlunum verður sambærileg tala fyrir árið 1985 eitthvað yfir 13%. Ef aðeins er miðað við þær greiðslur Jöfnunarsjóðsins sem ganga beint til sveitarfélaganna sjálfra verður hlutfallið 1984 um 11,9% en áætlað hlutfall 1985 rúmlega 10%. Rétt er að benda á að endanlegar tekjur sveitarfélaganna af fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum geta vikið eitthvað frá því sem álagningarskránnar sýna.

4. Almennu framlögin úr Jöfnunarsjóði voru árið 1984 2 350 kr. á íbúa. Áætlað er að árið 1985 verði þau 2500–2600 kr. á íbúa. Hér eru ekki meðtalin aukaframlög eða fólksfækkunarframlög.

Á þessu stigi málsins er nánast ógjörningur að áætla þessa tölu vegna ársins 1986. Heildartekjur sjóðsins liggja ekki fyrir. Íbúatalan liggur ekki fyrir og óvissa er um hverjar greiðslurnar verða til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.